

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2019, mánudaginn 26. ágúst kl. 15:00 var haldinn 278. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1 og um síma.

Fundarmenn: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Hildur Björnsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Valgarður Lyngdal Jónsson og Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.

Einnig sat fundinn Bjarni Bjarnason, forstjóri, Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála, Bjarni Freyr Bjarnason, aðstoðarmaður framkvæmdastjóra fjármála, Bryndís María Leifsdóttir, forstöðumaður reikningshalds, Lárus Finnbogason, formaður endurskoðunarnefndar, Davíð Arnar Einarsson og Bjarni Már Jóhannesson, endurskoðendur.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Ingvar kynnti samandreginn árshlutareikning samstæðu OR 1. janúar til 30. júní 2019 og óverulegar breytingar sem orðið hafa frá kynningu á stjórnarfundi 19. ágúst sl. Umræður.
Formaður endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar gerði grein fyrir umsögn endurskoðunarnefndar um reikninginn.
Endurskoðendur gerðu grein fyrir könnun á reikningnum. Könnunin er án athugasemda og fyrirvara.
Reikningurinn borinn upp og samþykktur samhljóða.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 15:22.

Næsti fundur stjórnar er fyrirhugaður þann 23. september 2019.

Brynhildur Davíðsdóttir,
Gylfi Magnússon, Sigríður Rut Júlíusdóttir,
Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir,
Valgarður Lyngdal Jónsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.

Orkuveita Reykjavíkur
Samstæða
Samandreginn árshlutareikningur
1. janúar til 30. júní 2019

Orkuveita Reykjavíkur
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík

Kt. 551298-3029

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Könnunaráritun óháðra endurskoðenda	4
Rekstrarreikningur	5
Yfirlit um heildarafkomu	6
Efnahagsreikningur	7
Eiginfjáryfirlit	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Orkuveita Reykjavíkur er sameignarfyritæki sem starfar á grundvelli laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur. Samstæðan veitir þjónustu í gegnum félög sín sem reka orkuver, rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu á þjónustusvæði sínu.

Árshlutareikningur Orkuveitu Reykjavíkur fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2019 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal *IAS 34 um árshlutareikninga*. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning OR og dótturfyrirtækja.

Hagnaður af rekstri samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2019 nam 3.349 milljónum kr. (1.1.-30.6.2018: 4.200 milljónir kr.). Heildarafkoma samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2019 var jákvæð um 7.846 milljónir kr. (1.1.-30.6.2018: jákvæð um 5.220 milljónir kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 355.751 milljónum kr. í lok tímabilsins (31.12.2018: 340.089 milljónir kr.). Eigið fé nam 168.673 milljónum kr. í lok tímabilsins (31.12.2018: 160.827 milljónir kr.) og er eiginfjárlutfall samstæðunnar 47,4% (31.12.2018: 47,3%).

Í upphafi ársins sem og í lok tímabilsins voru eigendur móðurfyrirtækisins þeir, en þeir eru:	Eignarhluti
Reykjavíkurborg	93,539%
Akraneskaupstaður	5,528%
Borgarbyggð	0,933%

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal *IAS 34 um árshlutareikninga*. Að álitum stjórnar og forstjóra gefur árshlutareikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. júní 2019 ásamt rekstrarafkomu hennar sem og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2019.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og forstjóri staðfesta hér með árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2019.

Reykjavík, 26. ágúst 2019.

Í stjórn fyrirtækisins:

Forstjóri:

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Orkuveitu Reykjavíkur.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikning Orkuveitu Reykjavíkur fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2019, sem hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit og skýringar.

Stjórn og forstjóri fyrirtækisins eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan staðal um árshlutareikninga, IAS 34. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um *Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum*. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun er talsvert umfangsminni en endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar sé í öllum meginatriðum í samræmi við IAS 34 „Árshlutareikningar“.

Reykjavík, 26. ágúst 2019.

Grant Thornton endurskoðun ehf.

Rekstrarreikningur

1. janúar til 30. júní 2019

	Skýr	2019 1.4.-30.6.	2018 1.4.-30.6.	2019 1.1.-30.6.	2018 1.1.-30.6.
Rekstrartekjur	4	10.856.800	10.905.595	23.499.087	23.166.630
Söluhagnaður (tap)		2.874 (966)	3.207	850
Rekstrartekjur samtals		10.859.675	10.904.629	23.502.294	23.167.480
Orkukaup og flutningur		(1.375.760)	(1.382.710)	(2.870.465)	(3.112.466)
Laun og launatengd gjöld		(1.768.885)	(1.688.385)	(3.445.908)	(3.197.418)
Annar rekstrarkostnaður		(1.710.152)	(1.043.751)	(3.255.091)	(2.316.304)
Rekstrarkostnaður samtals		(4.854.797)	(4.114.846)	(9.571.464)	(8.626.188)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)		6.004.877	6.789.783	13.930.831	14.541.292
Afskriftir		(2.898.271)	(2.328.433)	(5.727.529)	(4.615.645)
Rekstrarhagnaður (EBIT)		3.106.606	4.461.350	8.203.302	9.925.647
Vaxtatekjur		91.244	17.345	193.187	172.134
Vaxtagjöld		(2.024.546)	(1.495.960)	(3.733.449)	(3.016.905)
Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum		(2.775.020)	1.933.040	(1.589.429)	(2.809.801)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	6	(4.708.321)	454.425	(5.129.690)	(5.654.573)
Áhrif hlutdeildarféлага		(2.589)	0	(528)	6.058
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt		(1.604.305)	4.915.775	3.073.084	4.277.132
Tekjuskattur		1.084.392	(1.105.069)	276.281	(76.854)
(Tap) hagnaður tímabilsins		(519.913)	3.810.706	3.349.365	4.200.278

Skýringar á bls. 10-20 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Yfirlit um heildarafkomu 1. janúar til 30. júní 2019

	2019 1.4.-30.6.	2018 1.4.-30.6.	2019 1.1.-30.6.	2018 1.1.-30.6.
(Tap) hagnaður tímabilsins	(519.913)	3.810.706	3.349.365	4.200.278
Önnur heildarafkoma				
Liðir færðir beint á eigið fé sem gætu verið færðir síðar í rekstrarreikning				
pýðingarmunur	1.059.305	4.021.739	4.496.751	1.019.389
	<u>1.059.305</u>	<u>4.021.739</u>	<u>4.496.751</u>	<u>1.019.389</u>
Önnur heildarafkoma eftir skatta	1.059.305	4.021.739	4.496.751	1.019.389
Heildarafkoma	<u>539.391</u>	<u>7.832.445</u>	<u>7.846.115</u>	<u>5.219.667</u>

Skýringar á bls. 10-20 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Efnahagsreikningur 30. júní 2019

	Skýr.	30.6.2019	31.12.2018
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir		313.867.669	303.582.858
Leigueign	10	427.683	0
Óefnislegar eignir		2.245.046	1.999.523
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum		66.769	67.296
Eignarhlutar í öðrum félögum		3.859.015	3.859.015
Áhættuvarnarsamningar		87.343	295.670
Tekjuskattsinneign		5.006.566	3.819.233
Fastafjármunir samtals		325.560.091	313.623.595
Virgðir			
Virgðir		982.759	1.019.807
Viðskiptakröfur	7	5.326.091	5.482.511
Áhættuvarnarsamningar		863.880	946.717
Aðrar skammtímakröfur		524.983	496.986
Fyrirframgreiddur kostnaður		469.627	307.939
Bundnar innstæður og markaðsverðbréf		7.112.109	7.223.231
Handbært fé		14.911.824	10.988.087
Veltufjármunir samtals		30.191.275	26.465.279
Eignir samtals		355.751.366	340.088.874
Eigið fé			
Endurmatsreikningur varanlegra rekstrarfjármuna		82.135.231	83.821.060
Bundinn hlutdeildarreikningur		48.268.603	42.972.671
Gangvirðisreikningur		3.395.941	3.395.941
Þýðingarmunur		5.037.632	540.882
Óráðstafað eigið fé		29.835.940	30.096.679
Eigið fé samtals		168.673.347	160.827.232
Skuldir			
Vaxtaberandi skuldir		140.751.906	133.577.622
Leiguskuld	10	356.812	0
Lífeyrisskuldbinding		725.099	682.404
Innbyggðar afleiður í raforkusólusamningum		4.564.019	4.270.604
Áhættuvarnarsamningar		872.618	777.053
Tekjuskattskuldbinding		13.138.954	12.813.107
Langtímaskuldir samtals		160.409.409	152.120.791
Viðskiptaskuldir		3.068.305	3.125.135
Vaxtaberandi skuldir		14.769.387	17.706.249
Leiguskuld	10	69.982	0
Innbyggðar afleiður í raforkusólusamningum		1.341.995	1.046.265
Áhættuvarnarsamningar		350.668	548.022
Fyrirframinnheimtar tekjur	7	1.882.454	162.980
Tekjuskattur til greiðslu		945.632	1.497.031
Aðrar skammtímaskuldir		4.240.187	3.055.169
Skammtímaskuldir samtals		26.668.610	27.140.851
Skuldir samtals		187.078.019	179.261.642
Eigið fé og skuldir samtals		355.751.366	340.088.874

Skýringar á bls. 10-20 eru óaðskiljanlegur hluti árslutareikningsins.

Eiginfjáryfirlit

1. janúar til 30. júní 2019

	Endurmats- reikningur rekstrarfjárm.	Bundinn hlutdeildar- reikningur	Gangvirðis- reikningur	Þýðingar- munur	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
1.1.-30.6. 2019						
Eigið fé 1. janúar 2019	83.821.060	42.972.671	3.395.941	540.882	30.096.679	160.827.232
Þýðingarmunur				4.496.751		4.496.751
Hagnaður tímabilsins					3.349.365	3.349.365
Heildarafkoma	0	0	0	4.496.751	3.349.365	7.846.115
Innlausn endurmats vegna afskrifta	(1.685.829)				1.685.829	0
Hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutdeildarfél. umfram móttekinn arð		5.295.933			(5.295.933)	0
Eigið fé 30. júní 2019	82.135.231	48.268.603	3.395.941	5.037.632	29.835.940	168.673.347
1.1.-30.6. 2018						
Eigið fé 1. janúar 2018	80.349.640	16.805.347	3.144.133	(5.361.315)	48.295.719	143.233.524
Þýðingarmunur				1.019.389		1.019.389
Hagnaður tímabilsins					4.200.278	4.200.278
Heildarafkoma	0	0	0	1.019.389	4.200.278	5.219.667
Innlausn endurmats vegna afskrifta	(1.315.379)				1.315.379	0
Hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutdeildarfél. umfram móttekinn arð		5.978.133			(5.978.133)	0
Eigið fé 30. júní 2018	79.034.262	22.783.480	3.144.133	(4.341.926)	47.833.243	148.453.191

Skýringar á bls. 10-20 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Sjóðstreymisyfirlit

1. janúar til 30. júní 2019

	2019	2018
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Rekstrarhreyfingar		
Hagnaður tímabilsins	3.349.365	4.200.278
Leiðrétt fyrir:		
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	5.129.690	5.654.573
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	528	(6.058)
Tekjuskattur	(276.281)	76.854
Afskriftir	5.727.529	4.615.645
Söluhagnaður eigna	(3.207)	(850)
Matsbreyting fjárfestingaeigna	0	(71.353)
Lífeyrisskuldbinding, hækkun	42.695	54.848
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta	13.970.319	14.523.937
Birgðir, lækkun (hækkun)	37.049	(285.511)
Skammtímakröfur, hækkun	(42.354)	(1.623.056)
Skammtímaskuldir, hækkun	2.111.706	1.604.840
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	16.076.719	14.220.211
Innborgaðar vaxtatekjur	207.281	99.456
Greidd vaxtagjöld	(2.726.102)	(2.266.929)
Móttækinn arður	55.407	21.524
Greiðslur v. annarra fjármunatekna og fjármagnsgjalda	158.947	(404.471)
Greiddir skattar	(441.944)	(682.180)
Handbært fé frá rekstri	13.330.308	10.987.611
Fjárfestingarhreyfingar		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(7.570.309)	(6.102.425)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(359.527)	(241.912)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna	4.042	20.400
Breyting á bundnum innlánnum	(1.500.000)	0
Breyting á markaðsverðbréfum	2.080.291	(740.244)
Aðrar fjáreignir	0	3.903.482
Fjárfestingarhreyfingar	(7.345.503)	(3.160.700)
Fjármögnunarhreyfingar		
Tekin ný langtímalán	8.883.658	5.338.562
Afborganir langtímaskulda	(10.980.693)	(7.229.331)
Greiðslur vegna gjaldeyrisvarna	(263.747)	(1.397.743)
Fjármögnunarhreyfingar	(2.360.781)	(3.288.511)
Hækkun á handbæru fé	3.624.024	4.538.400
Handbært fé í ársbyrjun	10.988.087	6.254.983
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	299.713	123.619
Handbært fé í lok tímabilsins	14.911.824	10.917.002
Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	213.370	(91.233)
Skammtímaskuldir, breyting	(213.370)	91.233
Aðrar upplýsingar		
Veltufé frá rekstri	10.026.944	12.047.712

Skýringar á bls. 10-20 eru óaðskiljanlegur hluti árslutareikningsins.

Skýringar

1. Félagið

Orkuveita Reykjavíkur (OR) er sameignarfyrtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur. OR er með höfuðstöðvar á Íslandi að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík. Samandreginn samstæðureikningur OR geymir árshlutareikning móðurfyrirtækisins og dótturfélaga þess, (sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“) og hlutdeild í hlutdeildarfélögum.

Samstæðan veitir þjónustu í gegnum félög sín sem reka orkuver, rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu á þjónustusvæði sínu.

Dótturfélög í samstæðunni	Meginstarfsemi	Eignarhluti	
		30.6.2019	31.12.2018
Gagnaveita Reykjavíkur ehf.	Gagnaflutningar	100%	100%
OR Eignir ohf.	Eignarhaldsfélag	100%	100%
Veitur ohf.	Dreifing rafmagns og hita	100%	100%
Orka náttúrunnar ohf.	Sala rafmagns	100%	100%
OR Vatns- og fráveita sf.	Vatns- og fráveitustarfsemi	100%	100%
Reykjavík Energy Invest ehf.	Fjárfestingafyrirtæki	100%	100%
Úlfjótuvatn frítímabyggð ehf.	Undirbúningsfyrirtæki	100%	100%
Foss fasteignafélag slhf.	Rekstur fasteigna	100%	100%

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, *árshlutareikningsskil*. Samandreginn árshlutareikningur Orkuveitu Reykjavíkur inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2018. Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2018 fyrir utan að þetta eru fyrstu reikningsskil samstæðunnar þar sem IFRS 16 er beitt. Breytingum á reikningsskilaaðferðum er lýst í skýringu 10. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá félaginu á vef þess www.or.is, sem og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com.

Stjórn staðfesti og heimilaði birtingu árshlutareikningsins 26. ágúst 2019.

b. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill OR. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

c. Matsaðferðir

Reikningsskil samstæðunnar eru gerð á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að hluti varanlegra rekstrarfjármuna hafa verið endurmetnir til gangvirðis, innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum, eignarhlutar í öðrum félögum og aðrar fjáreignir og fjárskuldir eru færð á gangvirði. Fjallað er um aðferðir við mat á gangvirði í skýringu 41 með ársreikningi 2018.

d. Erlendir gjaldmiðlar

i) Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli einstakra samstæðufélaga á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar á gengi uppgjörsdags. Aðrar eignir og skuldir sem færðar eru á gangvirði í erlendri mynt eru færðar á gengi þess dags er gangvirði var ákveðið. Gengismunur vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum er færður í rekstrarreikning.

Skýringar

2. Grundvöllur reikningsskilannam frh.

d. Erlendir gjaldmiðlar frh.

ii) Dótturfélag með annan starfrækslugjaldmiðil en íslenska krónu

Eignir og skuldir starfsemi félags samstæðunnar sem hefur bandarískan dollar (USD) sem starfrækslugjaldmiðil eru umreiknaðar í íslenskar krónur (ISK) miðað við gengi uppgjörsdags. Tekjur og gjöld þessarar starfsemi eru umreiknuð í ISK á meðalgengi tímabilsins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í ISK er færður á sérstakan lið í yfirliti um heildarafkomu. Þegar starfsemi með annan starfrækslugjaldmiðil en íslenska krónu er seld, að hluta til eða að öllu leyti, er tengdur gengismunur fluttur í rekstrarreikning.

e. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau. Mikilvægar nýjar ákvarðanir vegna færslu leigusamninga í samræmi við IFRS 16 þar sem samstæðan er leigutaki, er lýst í skýringu 10.

3. Starfsemi og tekjuskráning samstæðufélaga

Eftirfarandi eru upplýsingar um starfsemi samstæðufélaga. Sundurliðun tekna eftir afurðum er að finna í skýringu nr. 4 og tekjur eftir starfsþáttum í skýringu nr. 5.

Vörur og þjónusta

Eðli, tímasetning tekjuinnlausnar og greiðsluskilmálar

a. Sala á rafmagni

Orka náttúrunnar ohf. annast framleiðslu og sölu á rafmagni og Veitur ohf. dreifa rafmagni skv. gjaldskrá. Tekjur af sölu og dreifingu á raforku eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á tímabilinu og föstu gjaldi. Gjaldskrá fyrir dreifingu raforku er háð tekjumörkum sem gefin er út af Orkustofnun í samræmi við raforkulög nr. 65/2003. Við tengingu á nýju húsnæði við veitukerfi raforku og við endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald til að mæta kostnaði vegna nýrra kerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarreikning við tengingu. Viðskiptakröfur vegna sölu á rafmagni hafa alla jafna 30 daga greiðslufrest og er gjalddagi sá sami og eindagi. Einstaka samningar við ákveðna viðskiptavini gætu verið með öðru greiðslufyrirkomulagi en það er frekar undantekning.

b. Sala á heitu vatni

Veitur ohf. og Orka náttúrunnar ohf. annast framleiðslu á heitu vatni og Veitur ohf. annast dreifingu á heitu vatni. Tekjur af sölu og dreifingu á heitu vatni eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á tímabilinu og föstu gjaldi. Við tengingu á nýju húsnæði við veitukerfi hitaveitu og við endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald til að mæta kostnaði vegna nýrra kerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarreikning við tengingu. Viðskiptakröfur vegna sölu á heitu vatni hafa alla jafna 30 daga greiðslufrest og er gjalddagi sá sami og eindagi. Einstaka samningar við ákveðna viðskiptavini gætu verið með öðru greiðslufyrirkomulagi en það er frekar undantekning.

Skýringar

3. Starfsemi og tekjustráning samstæðufélaga, frh.

Vörur og þjónusta

Eðli, tímasetning tekjuinnlausnar og greiðsluskilmálar

- c. Sala á köldu vatni
- OR Vatns- og fráveita sf. annast öflun og dreifingu á köldu vatni. Tekjur af sölu á köldu vatni taka mið af stærð húsnæðis sem er tengt kerfum, auk fasts gjalds sem er fært línulega yfir tímabil. Lögbundin takmörkun á efri mörkum gjaldskrár félagsins er 0,5% af fasteignamati. Að auki eru tekjur færðar samkvæmt mældri notkun á köldu vatni hjá tiltekinni atvinnustarfssemi. Við tengingu á nýju húsnæði við veitukerfi vatnsveitu og við endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald til að mæta kostnaði vegna nýrra kerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarreikning við tengingu. Viðskiptakröfur vegna sölu á köldu vatni hafa alla jafna 30 daga greiðslufrest og er gjalddagi sá sami og eindagi. Einstaka samningar við ákveðna viðskiptavini gætu verið með öðru greiðslufyrirkomulagi en það er frekar undantekning. Vatns- og fráveitugjöld eru innheimt á fyrstu 9 mánuðum ársins en tekjunum er dreift jafnt á allt árið reikningshaldslega.
- d. Fráveita
- OR Vatns- og fráveita sf. annast rekstur fráveitu. Tekjur fráveitu taka mið af stærð húsnæðis sem er tengt kerfum, auk fasts gjalds sem er fært línulega yfir tímabil. Lögbundin takmörkun á efri mörkum gjaldskrár er 0,5% af fasteignamati. Við tengingu á nýju húsnæði við veitukerfi fráveitu og við endurnýjun á tengingu, er innheimt sérstakt gjald til að mæta kostnaði vegna nýrra kerfa eða endurnýjunar þeirra. Tekjur af tengigjöldum eru færðar í rekstrarreikning við tengingu. Viðskiptakröfur vegna fráveitu hafa alla jafna 30 daga greiðslufrest og er gjalddagi sá sami og eindagi. Einstaka samningar við ákveðna viðskiptavini gætu verið með öðru greiðslufyrirkomulagi en það er frekar undantekning. Vatns- og fráveitugjöld eru innheimt á fyrstu 9 mánuðum ársins en tekjunum er dreift jafnt á allt árið reikningshaldslega.
- e. Aðrar tekjur og leigutekjur
- Gagnaveita Reykjavíkur ehf. sér um rekstur gagnaflutningskerfis. Tekjur af gagnaflutningskerfi eru færðar við afhendingu á vöru og þjónustu. Um er að ræða samkeppnisrekstur sem er undir eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar. Orkuveita Reykjavíkur sér um leigu á húsnæði og búnaði, tilfallandi sölu á sérfræðipjónustu og fleiru. Leigutekjur eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum og aðrar tekjur við afhendingu á vöru eða þjónustu. Viðskiptakröfur vegna annarra tekna og leigutekna hafa alla jafna 30 daga greiðslufrest.

4. Tekjur af vöru- og þjónustusölu

Tekjur samstæðunnar af sölu á vörum og þjónustu sundurliðast þannig:

	2019	2018
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Rafmagn.....	9.729.701	10.079.519
Heitt vatn.....	6.703.740	6.670.735
Kalt vatn.....	1.633.941	1.569.628
Fráveita.....	2.763.931	2.637.677
Aðrar tekjur.....	2.670.981	2.209.920
Tekjur af vöru- og þjónustusölu samtals.....	23.502.294	23.167.480

Skýringar

5. Starfspáttayfirlit

Starfspáttaupplýsingar eru birtar eftir innri upplýsingagjöf OR. Starfspáttir sem eru birtir eru *Veitur*, sem samanstanda af veiturekstri samstæðunnar í heitu og köldu vatni, dreifingu rafmagns og fráveitu, *Orka náttúrunnar* vegna samkeppnisreksturs í framleiðslu og sölu rafmagns og heits vatns auk *Annarrar starfsemi* sem sýnir rekstur móðurfyrirtækisins og *Gagnaveitu Reykjavíkur*. Móðurfyrirtækið sér um þjónustu við dótturfélög, leigu húsnæðis og búnaðar og fleira. Gagnaveita Reykjavíkur sér um rekstur gagnaflutningskerfis.

Við gerð starfspáttayfirlits er notast við sömu reikningskilareglur og samstæðan notast við og lýst er í skýringu 41 í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2018.

Rekstrarstarfspáttir - svið

1.1.-30.6. 2019

	Veitur	Orka náttúrunnar	Önnur starfsemi	Jöfnunar- færslur	Beiting IFRS 16*	Samtals
Tekjur frá þriðja aðila	14.789.689	7.024.361	1.688.244	0		23.502.294
Tekjur innan samstæðu	1.636.793	2.431.192	3.784.370	(7.852.355)		0
Tekjur starfspátta	16.426.483	9.455.553	5.472.614	(7.852.355)		23.502.294
Rekstrargjöld starfspátta	(8.790.030)	(4.198.020)	(4.474.359)	7.852.355	38.591	(9.571.464)
Rekstrarhagnaður starfspátta, EBITDA	7.636.452	5.257.533	998.255	0	38.591	13.930.831
Afskriftir	(2.668.993)	(2.285.030)	(742.433)	0	(31.072)	(5.727.529)
Afkoma starfspátta, EBIT	4.967.459	2.972.502	255.822	0	7.518	8.203.302
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(1.644.903)	(279.924)	(2.609.088)	(589.145)	(6.630)	(5.129.690)
Áhrif hlutdeildarféлага	0	0	(528)	0		(528)
Tekjuskattur	(368.407)	(515.478)	938.982	221.519	(334)	276.281
Hagnaður (tap) tímabilsins	2.954.149	2.177.100	(1.414.812)	(367.627)	554	3.349.365

1.1.-30.6. 2018

Tekjur frá þriðja aðila	14.455.828	7.299.508	1.412.145	0		23.167.480
Tekjur innan samstæðu	1.190.636	2.416.865	3.335.301	(6.942.802)		(0)
Tekjur starfspátta	15.646.463	9.716.373	4.747.446	(6.942.802)		23.167.480
Rekstrargjöld starfspátta	(7.748.052)	(4.064.761)	(3.756.177)	6.942.802		(8.626.189)
Rekstrarhagnaður starfspátta, EBITDA	7.898.411	5.651.611	991.269	0		14.541.292
Afskriftir	(2.483.121)	(1.501.112)	(631.411)	0		(4.615.645)
Afkoma starfspátta, EBIT	5.415.290	4.150.499	359.858	0		9.925.647
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(1.612.183)	(889.233)	880.042	(4.033.199)		(5.654.573)
Áhrif hlutdeildarféлага	0	0	6.058	0		6.058
Tekjuskattur	(461.775)	(631.782)	(463.779)	1.480.483		(76.854)
Hagnaður tímabilsins	3.341.332	2.629.484	782.178	(2.552.716)		4.200.278

* Upplýsingar sem stjórnendur horfa til vegna starfspátta taka ekki mið af reglum IFRS 16.

Skýringar

5. Starfsþáttayfirlit, frh.

Rekstrarstarfspættir - svið, frh.

	Veitur	Orka náttúrunnar	Önnur starfsemi	Jöfnunarfærslur	Beiting IFRS 16*	Samtals
Efnahagur (30.6.2019)						
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	153.867.022	130.324.167	31.921.526	0		316.112.715
Aðrar eignir	21.961.555	8.786.764	165.771.197	(157.308.548)	427.683	39.638.650
						<u>355.751.366</u>
Vaxtaberandi skuldir	62.650.592	60.088.916	159.784.138	(127.002.353)	426.794	155.948.088
Aðrar skuldir	13.749.698	8.830.075	35.172.753	(26.622.595)		31.129.931
						<u>187.078.019</u>
Fjárfestingar						
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	3.876.409	1.815.520	2.003.585	0		7.695.514
Efnahagur (31.12.2018)						
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	152.659.606	122.261.566	30.661.209	0		305.582.381
Aðrar eignir	17.305.051	7.786.039	159.058.806	(149.643.402)		34.506.493
						<u>340.088.874</u>
Vaxtaberandi skuldir	62.300.634	58.219.127	155.477.198	(124.713.088)		151.283.870
Aðrar skuldir	11.189.885	8.310.387	30.092.174	(21.614.674)		27.977.771
						<u>179.261.642</u>
Fjárfestingar (30.6.2018)						
Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir	2.384.595	1.892.323	2.202.966	0		6.479.884

Skýringar

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	2019	2018
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtatekjur af lánum og kröfum	193.187	172.134
Vaxtagjöld og greiddar verðbætur	(2.337.208)	(1.917.129)
Áfallnar verðbætur	(1.049.834)	(742.779)
Ábyrgðargjald til eigenda 1)	(346.407)	(356.998)
Vaxtagjöld samtals	(3.733.449)	(3.016.905)
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum	(589.145)	(4.033.199)
Gangvirðisbreytingar fjáreigna og fjárskulda á gangvirði í gegnum rekstur	449.975	(186.784)
Gangvirðisbreyting áhættuvarnarsamninga	(189.374)	2.053.805
Uppgjör áhættuvarnarsamninga	(103.875)	(1.802.458)
Gengismunur	(1.212.417)	1.137.310
Arðstekjur	55.407	21.524
Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum samtals	(1.589.429)	(2.809.801)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	(5.129.690)	(5.654.573)

1) Samstæðan greiddi ábyrgðargjald til núverandi og fyrrverandi eigenda OR vegna ábyrgða sem þeir hafa veitt á skuldir samstæðunnar samkvæmt ákvörðun aðalfundar OR árið 2005. Gjaldið er á ársgrunni, 0,89% (2018: 0,91%) á lán vegna sérleyfisstarfsemi og 0,60% (2018: 0,58%) á lán vegna samkeppnisstarfsemi. Útreikningur gjaldsins er gerður miðað við stöðu lána í lok hvers ársfjórðungs. Ábyrgðargjaldið nam samtals 346 milljónum kr. á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2019 (1.1.-30.6.2018 : 357 milljónir kr.) og er fært á meðal vaxtagjalda.

Gangvirðisbreytingar gegnum rekstur

Við mat á gangvirði óskráðra fjáreigna og fjárskulda er beitt viðurkenndum verðmatsaðferðum sem er lýst í skýringu 41 í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2018. Gangvirðisbreyting sem færð er til gjalda í rekstrarreikningi vegna þessa nemur samtals 329 milljónum kr. á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2019 (1.1.-30.6.2018: gjaldfærsla að fjárhæð 2.166 milljónir kr.). Gangvirðisbreytingar sem tilheyra fjáreignum og fjárskuldum sem flokkaðar eru á stigi 3 er gjaldfærsla að fjárhæð 589 milljónum kr. á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2019 (1.1.-30.6.2018: gjaldfærsla 4.220 milljónir kr.).

7. Viðskiptakröfur og fyrirfram innheimtar tekjur

Staða viðskiptakrafna og staða fyrirfram innheimtra tekna breytist talsvert milli tímabila þar sem smásala er innheimt með jöfnum greiðslum en raunnotkun sveiflast talsvert á milli tímabila. Einnig eru vatns- og fráveitugjöld reikningsfærð á fyrstu níu mánuðum ársins en þeim tekjum er dreift jafnt á allt árið. Skráning tekna fer eftir notkun og afhendingu þjónustunnar í samræmi við reikningsskilareglur.

Skýringar

8. Gangvirði

Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði

Bókfært verð fjáreigna og fjárskulda á uppgjörstigi er jafnt og gangvirði þeirra, fyrir utan vaxtaberandi skuldir sem eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði. Bókfært verð og gangvirði þeirra greinist með eftirfarandi hætti:

	30.6.2019		31.12.2018	
	Bókfært verð	Gangvirði	Bókfært verð	Gangvirði
Vaxtaberandi skuldir	155.521.293	154.102.138	151.283.870	153.218.591

Gangvirði vaxtaberandi skulda er reiknað núvirði höfuðstóls og vaxta, sem er afvaxtað með markaðsvöxtum, auk viðeigandi áhættuálags á uppgjörstigi. Gangvirði vaxtaberandi skulda er flokkað sem stig 2.

Vextir við mat á gangvirði

Þar sem við á er notaður vaxtaferill á uppgjörstigi þegar vænt sjóðstreymi er núvirt. Vextirnir greinast þannig:

	30.6.2019		31.12.2018	
	4,71% til 5,37%	-0,7% til 2,4%	3,72% til 5,83%	-0,7% til 2,8%
Innbyggðar afleiður í raforkusólusamningum				
Áhættuvarnarsamningar				
Vaxtaberandi skuldir	0,98% til 6,69%		1,19% til 7,94%	

Næmnigreiningar á áhrif breytinga á vaxtastigi, gengi gjaldmiðla og álverði eru sýndar í skýringu 29 með ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2018. Bent er á að hafa þessa skýringu til hliðsjónar við lestur árs hlutareikningsins þar sem breyting á þessum forsendum hefur talsverð áhrif á ýmsar stærðir í reikningsskilum samstæðunnar.

Stig gangvirðis

Taflan sýnir fjármálagerninga sem færðir eru í reikningsskilin, flokkaða eftir stigi gangvirðis. Stig gangvirðis eru skilgreind út frá verðmatsaðferð á eftirfarandi hátt:

Stig 1: Uppgefin verð á virkum markaði fyrir sams konar eignir og skuldir.

Stig 2: Forsendur byggja á öðrum breytum en uppgæfnum verðum á virkum markaði (stig 1) sem unnt er að afla fyrir eignir og skuldir, beint (t.d. verð) eða óbeint (afleiðd af verðum).

Stig 3: Forsendur gangvirðis eigna og skulda eru byggðar á gögnum sem ekki er unnt að öllu leyti að afla á markaði. Verðmat á eignarhlutum í félögum er unnið af starfsmönnum OR og ytri sérfræðingum og byggir á afkomu og opinberum gögnum um framtíðartekjur og framtíðarfjárfestingar undirliggjandi eigna.

30.6.2019	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Eignarhlutir í félögum	0	0	3.859.015	3.859.015
Innbyggðar afleiður í raforkusólusamningum	0	0 (5.906.015) (5.906.015)
Áhættuvarnarsamningar	0 (272.063)	0 (272.063)
Markaðsverðbréf	2.612.109	0	0	2.612.109
	2.612.109 (272.063) (2.047.000)	293.047

31.12.2018

Eignarhlutir í félögum	0	0	3.859.015	3.859.015
Innbyggðar afleiður í raforkusólusamningum	0	0 (5.316.869) (5.316.869)
Aðrar fjáreignir og áhættuvarnarsamningar	0	1.242.387	0	1.242.387
Áhættuvarnarsamningar	0 (1.325.075)	0 (1.325.075)
Markaðsverðbréf	4.223.231	0	0	4.223.231
	4.223.231 (82.688) (1.457.854)	2.682.689

Skýringar

9. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Reykjavíkurborg, stofnanir og félög undir stjórn borgarinnar, hlutdeildarfélög, stjórnarmenn og lykilstjórnendur samstæðunnar eru skilgreindir sem tengdir aðilar. Makar þessara aðila og ófjárráða börn falla einnig undir skilgreininguna, ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Viðskipti við tengda aðila

Framangreindir aðilar hafa átt í viðskiptum við samstæðuna á tímabilinu. Skilyrði og skilmálar viðskiptanna voru sambærileg og við ótengda aðila.

Eftirfarandi er yfirlit um helstu viðskipti við tengda aðila á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2019, ásamt yfirliti um kröfur og skuldir samstæðunnar við þessa aðila í lok tímabilsins. Viðskiptum og stöðum milli félaga innan samstæðunnar er eytt út í samstæðureikningnum og því ekki tilgreind. Upplýsingarnar ná ekki til sölu samstæðunnar á hefðbundnum aðföngum til heimilisreksturs viðkomandi aðila.

	2019	2018
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Sala til tengdra aðila á tímabilinu var eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	1.096.144	726.151
Stofnanir og félög undir stjórn Reykjavíkurborgar	356.788	179.251
Hlutdeildarfélög	170	0
	<u>1.452.932</u>	<u>905.402</u>
Kaup á vörum og þjónustu af tengdum aðilum á tímabilinu voru eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	23.505	16.410
Stofnanir og félög undir stjórn Reykjavíkurborgar	6.407	5.459
Hlutdeildarfélög	29.005	26.852
	<u>58.917</u>	<u>48.721</u>
	30.6.2019	31.12.2018
Kröfur á hendur tengdum aðilum í lok tímabilsins voru eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	222.806	142.723
Stofnanir og félög undir stjórn Reykjavíkurborgar	51.387	43.122
Hlutdeildarfélög	189	0
	<u>274.381</u>	<u>185.845</u>
Skuldir við tengda aðila voru eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	187.220	352.786
Stofnanir og félög undir stjórn Reykjavíkurborgar	1.498	1.373
Hlutdeildarfélög	0	418
	<u>188.717</u>	<u>354.577</u>
Vaxtaberandi skuldir við eigendur móðurfyrirtækis voru eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	10.393.710	10.898.111
Akraneskaupstaður	614.251	644.060
Borgarbyggð	103.672	108.703
	<u>11.111.633</u>	<u>11.650.874</u>
	2019	2018
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Vaxtagjöld á lán frá eigendum móðurfélags á tímabilinu voru eftirfarandi:		
Reykjavíkurborg	532.329	555.038
Akraneskaupstaður	31.127	32.661
Borgarbyggð	5.254	5.512
	<u>568.710</u>	<u>593.211</u>

Ábyrgðargjald greitt til eigenda er meðal vaxtagjalda í ofangreindu yfirliti. Sjá fjárhæðir og umfjöllun um ábyrgðargjaldið í skýringu 6.

Skýringar

10. Breytingar á mikilvægum reikningsskilaaðferðum

Samstæðan hefur innleitt reikningsskilastaðal IFRS 16 fyrir reikningsár sem hófst 1. janúar 2019. Aðrir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar sem tóku gildi 1. janúar 2019 hafa óveruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar.

Búist er við því að þessar breytingar á reikningsskilaaðferðum muni jafnframt endurspeglast í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2019 að undanskyldu því að samstæðan flokkar lóðarleigusamninga við sveitarfélög ekki sem leigusamninga í samræmi við IFRS 16 vegna óvissu í túlkun. Þegar niðurstaða um meðhöndlun á lóðarleigu við sveitarfélög í samræmi við IFRS 16 liggur fyrir gæti það leitt til verulegra breytinga á árfum IFRS 16 á ársreikning samstæðunnar.

IFRS 16 innleiðir eitt reikningshaldslegt líkan um færslu leigusamninga í efnahagsreikning leigutaka. Færsla leigusamninga í samræmi við reglur IFRS 16 felur í sér umtalsverðar breytingar á færslu leigusamninga þar sem samstæðan er leigutaki og leigusamningar voru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar. Vegna þessa hefur samstæðan sem leigutaki fært leigueignir vegna réttar til að nota hinar undirliggjandi eignir og leiguskuldir vegna skuldbindingar til að greiða leigu og í rekstrarreikning afskriftir af leigueignum og vaxtagjöld af leiguskuldum. Fram til ársloka 2018 hefur samstæðan fært leigugreiðslur vegna leigusamninga sem rekstrargjöld í rekstrarreikningi, eftir því sem þau hafa fallið til, og ekki fært í efnahagsreikning leigueignir og leiguskuldir vegna leigusamninga. Færsla leigusamninga þar sem samstæðan er leigusali er svipuð og samkvæmt fyrir reikningsskilaaðferðum.

Samstæðan hefur tekið upp IFRS 16 með því að færa leigueign og leiguskuld 1.1.2019. Samanburðarfrárhæðum vegna ársins 2018 hefur ekki verið breytt, þ.e. þær eru settar fram eins og þær voru birtar áður samkvæmt IAS 17 og tengdum túlkunum. Breytingunum á reikningsskilaaðferðum er lýst nánar hér á eftir.

Skilgreining á leigusamningi

Samkvæmt fyrri reikningsskilaaðferðum skilgreindi samstæðan við gildistöku samnings hvort hann væri eða innihéldi leigusamning samkvæmt IFRIC 4 Ákvörðun um hvort samningur inniheldur leigusamning. Samstæða metur nú hvort samningur sé eða innihaldi leigusamning samkvæmt nýrri skilgreiningu á leigusamningi. Samkvæmt IFRS 16 er samningur leigusamningur eða inniheldur leigusamning ef hann veitir rétt til yfirráða á skilgreindri eign á tímabili í skiptum fyrir endurgjald.

Við upptöku IFRS 16 valdi samstæðan að halda sig við fyrra mat á því hvaða viðskipti eru leigusamningar. Samstæðan beitti því IFRS 16 aðeins á þá samninga sem áður höfðu verið skilgreindir sem leigusamningar. Samningar sem höfðu ekki verið skilgreindir sem leigusamningar samkvæmt IAS 17 og IFRIC 4 voru ekki endurmetnir. Af því leiðir að skilgreining á leigusamningi samkvæmt IFRS 16 hefur aðeins verið beitt á samninga sem voru gerðir eða var breytt frá og með 1. janúar 2019.

Við gildistöku eða endurmat samnings sem inniheldur leigubátt skiptir samstæðan endurgjaldi samkvæmt samningnum á einstaka leigubætti og aðra þætti samningsins samkvæmt hlutfallslegu sjálfstæðu verði þeirra. Samstæðan hefur hins vegar valið að aðskilja ekki þá þætti samninga sem eru ekki leigubættir í leigusamningum um fasteignir þar sem samstæðan er leigutaki og mun þess í stað færa leigubætti og aðra þætti samninganna saman sem einn leigubátt. Samstæðan hefur nýtt sér heimild í IFRS 16 til þess að taka ekki afstöðu til þess hvort samningar sem ekki var farið með í samræmi við eldri staðal IAS 17 innihaldi leiguskuldbindingar.

Samstæðan sem leigutaki

Samstæðan færir eignir og skuldir vegna leigusamninga um fasteignir sem samstæðan er leigutaki að. Samstæðan færir ekki eignir og skuldir vegna leigusamninga við sveitarfélög um lóðir þar sem samstæðan greiðir lóðarleigu til sveitarfélaga. Leigueignir og leiguskuldir eru færðar í sér línu í efnahagsreikningi.

Sem leigutaki flokkaði samstæðan leigusamninga áður í rekstrarleigusamninga eða fjármögnunarleigusamninga byggt á mati á því hvort samningarnir yfirfærðu að verulegu leyti alla áhættu og allan ávinning af eignarhaldi á undirliggjandi eignum. Samkvæmt IFRS 16 færir samstæðan leigueignir og leiguskuldir vegna flestra leigusamninga, þ.e. þessir samningar eru færðir í efnahagsreikning samstæðunnar.

Skýringar

10. Breytingar á mikilvægum reikningskilaaðferðum, frh.

Samstæðan sem leigutaki, frh.

Samstæðan hefur ákveðið að færa ekki leigueignir og leiguskuldir vegna nokkurra leigusamninga um eignir sem hafa lágt verðgildi og leigusamninga um lóðir í eigu sveitarfélaga. Samstæðan gjaldfærir leigugreiðslur vegna þessara leigusamninga línulega á leigutíma.

Mikilvægar reikningskilaaðferðir

Samstæðan færir leigueign og leiguskuld á upphafsdegi leigusamnings. Leigueignin er upphaflega metin á kostnaðarverði og eftir það á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisryrnum auk leiðréttinga vegna endurmats á leiguskuldinni.

Leiguskuldin er upphaflega metin miðað við núvirði leigugreiðslna sem eru ógreiddar á upphafsdegi leigusamningsins, þar sem leigugreiðslur eru núvirtar á vaxtakjörum samstæðunnar á nýju lánsfé.

Leiguskuldin er svo hækkuð vegna vaxtagjalda og lækkuð vegna greiddra leigugreiðslna. Hún er endurmetin þegar það er breyting á framtíðarleigugreiðslum vegna breytingar á vísitölu eða vöxtum, breytingar á mati á þeirri fjárhæð sem vænst er að þurfi að greiða á grundvelli hrakvirðistryggingar, eða þegar við á, breytinga á mati á því hvort nokkuð víst er að kaupheimild eða framlengingarheimild verði nýtt eða hvort nokkuð víst er að uppsagnarheimild verði ekki nýtt.

Samstæðan hefur beitt mati við ákvörðun leigutíma sumra leigusamninga þar sem hún er leigutaki og samningarnir innihalda endurnýjunarheimildir eða hafa ótakmarkaðan leigutíma. Mat á því hvort samstæðan er nokkuð viss um að hún muni nýta slíkar heimildir hefur áhrif á leigutímamann, sem hefur veruleg áhrif á fjárhæð færðra leiguskulda og leigueigna.

Við upptöku IFRS 16 eru leiguskuldir vegna leigusamninga metnar miðað við núvirði ógreiddra leigugreiðslna, þar sem leigugreiðslur eru núvirtar með vöxtum samstæðunnar á nýju lánsfé á degi upphaflegrar beitingar. Leigueignir eru metnar miðað við fjárhæð sem jafngildir leiguskuldinni, leiðréttri vegna fyrirframgreiddra eða áfallinna leigugreiðslna. Samstæðan nýtti sér undanþágu um að færa ekki leigueignir og leiguskuldir vegna leigusamninga styttri en 12 mánuðir.

Áhrif við upptöku og á tímabilinu

Við upptöku IFRS 16 færði samstæðan leigueignir og leiguskuldir í efnahagsreikningi þar sem leigueignir jafngilda leiguskuldum 1. janúar 2019. Vegna færslu leigusamninga samkvæmt IFRS 16 hefur samstæðan fært í rekstrarreikning afskriftir og vaxtagjöld í stað gjaldfærslu á leigu. Áhrif upptökunnar 1. janúar 2019 og áhrif á tímabilið 1. janúar til 30. júní 2019 eru eftirfarandi:

	1. janúar til 30. júní 2019	1. janúar 2019	30. júní 2019
Áhrif upptöku í efnahagsreikningi:			
Leigueignir		453.394	427.683
Leiguskuldir		453.394	426.794
Tekjuskattsskuldbinding			334
Eigið fé			554
Áhrif upptöku í rekstrarreikningi:			
Afskriftir	31.072		
Vaxtagjöld	6.630		
Bakfærð leiga meðal annars rekstrarkostnaðar	(38.591)		
Tekjuskattur	334		
Samtals áhrif í rekstrarreikningi 1.1.2019 til 30.6.2019	(554)		

Skýringar

10. Breytingar á mikilvægum reikningsskilaaðferðum, frh.

Áhrif við upptöku og á tímabilinu, frh.

Við færslu leiguskulda vegna leigusamninga sem voru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar hefur samstæðan núvirt leigugreiðslurnar með því að nota vexti samstæðunnar á nýju lánsfé þann 1. janúar 2019. Vegnir meðalvextir sem voru notaðir eru 3,65%.

Ef staðallinn hefði ekki verið tekinn upp 1. janúar 2019 hefðu áhrifin orðið þau að EBITDA á fyrri helmingi ársins 2019 hefðu verið um 39 millj. kr. lægri og hagnaður tímabilsins 550 þús. kr. lægri. Áhrif á fyrri helming 2019 greinast þannig:

Rekstrarreikningur	1. janúar til 30. júní 2019	Áhrif nýs staðals	Eftir IFRS 16 1.1.-30.6. 2019
Rekstrartekjur.....	23.502.294	0	23.502.294
Rekstrarkostnaður.....	(9.610.054)	38.591	(9.571.464)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	13.892.240	38.591	13.930.831
Afskriftir.....	(5.696.456)	(31.072)	(5.727.529)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	8.195.783	7.518	8.203.302
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	(5.123.060)	(6.630)	(5.129.690)
Áhrif hlutdeildarfélaganna.....	(528)	0	(528)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	3.072.196	888	3.073.084
Tekjuskattur.....	276.615	(334)	276.281
Hagnaður tímabilsins	3.348.810	554	3.349.365

Áhrif upptöku á IFRS 16 á efnahagsreikning félagsins greinist þannig 1. janúar 2019:

Efnahagsreikningur	31.12.2018	Áhrif nýs staðals	1.1.2019
Leigueignir.....	0	453.394	453.394
Eignir samtals.....	313.623.595	453.394	314.076.989
Eigið fé.....	160.827.232	0	160.827.232
Leiguskuld.....	0	383.412	383.412
Næsta árs afborgun leiguskuldanna.....	0	69.982	69.982
Skuldir Samtals.....	179.261.642	453.394	179.715.035
Eigið fé og skuldir samtals.....	340.088.874	453.394	340.542.267

11. Önnur mál

Leiðrétting á vatnsgjaldi

Þann 15. mars s.l. Úrskurðaði samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, í kjölfar kæru íbúa, að vatnsgjald hefði verið of hátt árið 2016. Í framhaldinu var ákveðið að leiðrétta gjaldið. Leiðréttingin, sem nær til fjögurra vatnsveitusvæða af átta, nemur 440 milljónum kr. og vaxtagreiðslu alls 61 milljón kr.

Hugsanleg uppskipting ON

Í skoðun er að skipta upp rekstri ON í tvö félög vegna óvissu um hvort félagið megi halda áfram með starfrækslugjaldmiðil í bandarískum dollar (USD). Endanleg ákvörðun liggur ekki fyrir og verður tekin af eigendum.